



Grein birt 31. desember 2011

Magnús Þorkelsson

Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum?

Allt frá árinu 1968 hefur umræðan um framhaldsskóla á Íslandi aðallega snúist um það að bjóða þurfi fjölbreyttari og betri valkosti til náms fyrir nemendur. En hvað stýrir því hvernig nemendur velja sér framhaldsskóla og hverjir eru valkostirnir sem þeir standa frammi fyrir? Í þessari grein verður uppruni núverandi framhaldsskólakerfis kannaður, leitað merkingar á hugtakinu brottfall, athugað hvers konar valkostir eru í boði í framhaldsskólum og hugað að því hvernig nemendur velja sér skóla. Gagna var m.a. aflað frá Hagstofunni og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu um ýmsa þætti sem skólana snerta og meginlegum aðferðum beitt til að skoða hvernig nemendur völdu skóla vorið 2011. Rýning sem þessi á þessum gögnum hefur ekki verið gerð áður. Rannsóknin beinist að þeim valkostum sem framhaldsskólar bjóða nýnemum. Niðurstaðan var sú að valkostir nemenda eru færri en ætla mætti. Valkostir nemenda eru, samkvæmt þessum gögnum, bundnir búsetu, námslegum þörfum og einkunnum.

Höfundur stundar nám við Háskóla Íslands og er aðstoðarskólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði.

What choices do students have when selecting upper secondary schools in Iceland?

From the late 1960s, the Icelandic educational debate has been dominated by one question: whether better choices should be created for students. This question encompasses the related issues of first, what are those factors which influence a student's choice of an upper secondary school and secondly, just what are the real options offered at the school of choice? This paper looks at the origins of the present system; addresses the meaning of the term *dropout*; studies the choices students have and looks at data on how freshmen and students entering upper secondary school, select both school and study lines. It also examines the related official statistics. Two kinds of data were examined quantitatively. First, data from Statistics Iceland that deals with upper secondary schools and secondly, data gathered for the Ministry of Education regarding enrolment into upper secondary schools in the spring of 2011. The focus was on the choices new students have. This is the first time such data is reviewed with these questions in mind. The review concludes that students do not have as much choice as it might appear. The choices students have, according to the data, are limited by such factors as where students live, what educational needs they may have and last but not least, their grades.

The author is PhD-student the University of Iceland and assistant headteacher at Flensborg College in Hafnarfjörður, Iceland.

Að eiga völinu og kvölinu

Núverandi framhaldsskólakerfi varð til á áttunda áratug 20. aldar í kjölfar þess að nefnd um lagasetningu fyrir menntaskóla skilaði álitni þar sem lýst var áhyggjum vegna aukinnar spurnar eftir skólaplássum sem ekki væru til. Í greinargerð frumvarpsins segir m.a. að nefndarmenn telji vænlegast til umbóta að ný lög tryggðu skólum „þá aðbúð og það svigrúm, sem þörf er á til áframhaldandi tilrauna, endurskoðunar og umbóta í hverjum skóla um sig ...“, að lögin settu skólunum markmið og leggðu „megindrög að skipulagi þeirra ... þótt þeir haldist eigi í hendur um hvaðeina“ (*Frumvarp til laga um menntaskóla nr. 15/1969*).

Næsta skref var tekið með skýrslu sem Jóhann S. Hannesson (1971) setti saman. Þar var gerð tillaga um stofnun framhaldsskólakerfis sem væri samhæft þannig að umgjörð þess (skilgreiningar á námi, námsskilyrðum og námsefni) væri sambærileg frá einum skóla til annars. Á þessum tíma, eða um árið 1970, voru almennir framhaldsskólar átta: Menntaskólarnir á Akureyri og Laugarvatni, í Reykjavík, við Hamrahlíð og Tjörnina (síðar við Sund), Verzlunarskóli Íslands og Iðnskólarnir í Hafnarfirði og Reykjavík. Hér er litið framhjá fagtengdum sérskólum, s.s. Hjúkrunarskólanum og Loftskýtaskólanum (*Frumvarp til laga um menntaskóla nr. 15/1969*).

Framhaldsskólum sem heild var fyrst lýst í lögum árið 1988 (*Lög um framhaldsskóla nr. 57/1988*) og *Námskrá handa framhaldsskólum* árið 1989 (Menntamálaráðuneytið, 1989). Árið 1996 var sett ný löggjöf um framhaldsskóla og í kjölfarið tók gildi ný *Aðalnámskrá framhaldsskóla* sem átti að samhæfa kerfið og í raun miðstýra því (*Lög um framhaldsskóla nr. 80/1996*; Menntamálaráðuneytið, 1999). Þessi miðstýring var afnumin með lagasetningu 2008 (*Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*). Í dag starfa skólarnir því í raun eftir námskrá sem var sett til að samhæfa skólana (Menntamálaráðuneytið, 1999, 2004). Í gangi er þó vinna þar sem þeir eru að aðlagast nýrri námskrá sem afléttir þeirri miðstýringu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a). Hún á að koma til fullra framkvæmda árið 2015. Framhaldsskólarnir eru í dag liðlega þrjátíu.¹

Þegar lögin um framhaldsskóla voru sett árið 2008 varð til hugtakið *fræðsluskylda til 18 ára aldurs*. Því er lýst þannig í 16. grein laganna að til að útskrifast með slíkt próf skuli nemandi „hafa lagt stund á nám sem svarar til 90-120“ eininga eða feininga eins og þær eru kallaðar í námskrá. Þessu prófi er lýst í *Aðalnámskrá* og er það almennur skilningur milli skóla og stjórnvalda að nemandi, sem ekki brýtur skólareglur, haldi sæti sínu til 18 ára aldurs, án tillits til námsárangurs. Enda segir í *Aðalnámskrá* (bls. 33) að framhaldsskólar eigi að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi hvers og eins. Merking þessara ákvæða er tvíþætt. Annars vegar að nýnemar hafa algeran forgang við innritun að vori og hins vegar að þeir sem ekki hafa náð 18 ára aldri hafa forgang umfram þá sem eldri eru. Hér er sem sé tryggður aðgangur að framhaldsskólakerfinu, en skólarnir eru enn að móta þær lausnir sem ný *Aðalnámskrá* kallar eftir og draga eiga úr brotthvarfi nemenda.

¹ Borgarholtsskóli, Fjölbautaskóli Norðurlands vestra, Fjölbautaskóli Snæfellinga, Fjölbautaskóli Suðurlands, Fjölbautaskóli Suðurnesja, Fjölbautaskóli Vesturlands, Fjölbautaskólinn í Breiðholti, Fjölbautaskólinn í Garðabæ, Fjölbautaskólinn við Ármúla, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Framhaldsskólinn á Húsavík, Framhaldsskólinn á Laugum, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Iðnskólinn í Hafnarfirði, Kvinnaskólinn í Reykjavík, Menntaskóli Borgarfjarðar, Menntaskólinn að Laugarvatni, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Ísafirði, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Menntaskólinn Hraðbraut, Menntaskólinn í Kópavogi, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð, Menntaskólinn við Sund, Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins, Verkmenntaskóli Austurlands, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Verzlunarskóli Íslands, skv. vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins (<http://www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir/>).

Innritun vorið 2011 var sú fyrsta sem fór fram eftir að þessi ákvæði voru formlega birt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a, 2011c).

Sú saga sem hér liggur að baki verður ekki rakin frekar. Hins vegar má fullyrða að þær áhyggjur sem komu fram á sjöunda áratug tuttugustu aldar hafi markað merkilega stefnu um skólamál. Áhyggjuefnin voru þau að nemendur komust ekki í skóla vegna þess hve fáir skólar gátu boðið nemendum námsvist. Í dag fara nær allir nemendur, sem ljúka tíunda bekk grunnskóla, í framhaldsskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011c). Áhyggjuefni samtímans snýr að því hversu margir hætta í námi, en það er kallað *brottfall* eða *brotthvarf* (e. *dropout*). Hagstofan fullyrðir að brottfallið sé 28% ef tekið er tillit til þess hve margir eru enn án lokaprófa sjö árum eftir að þeir hófu nám í framhaldsskóla (Hagstofa Íslands, 2011a). Rannsóknir benda til þess að þetta hlutfall hafi verið nokkuð stöðugt um langa hríð (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002; Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2010).

Eitt er að lýsa brottfalli, annað að útskýra það. Til er sú kenning að uppbygging skólakerfa geti ýtt undir brottfall í sjálfu sér. Dorn (1996), bandarískur skólamaður, telur að þeir sem ekki falla að skólastarfi menningarlega eða félagslega séu jafnvel hvattir til að hætta eða beinlínis hraktir frá námi. Þar fjallar hann um bandarískt skólakerfi, sérlega það sem hann kallar úrvalsskóla (e. elite schools). Þá er til sú kenning að víða um heim vanti betri valkosti fyrir börn sem eiga undir högg að sækja í samfélögum (Sameinuðu þjóðirnar, 1998).

Í skýrslu Starfsnámsnefndar (2006) er fullyrt að framhaldsskólar eigi „í erfiðleikum með að sinna þörfum þess breiða nemendahóps sem þar stundar nám og að hluti nemenda finni ekki nám við hæfi, sinni „því af litlum áhuga og flosnar upp úr námi“ (bls.13). Hér hefur tafið snúist við. Áður var skólakerfið lokað stórum hluta ungmenna en nú hefja heilir árgangar nám í framhaldsskóla. Hins vegar lýkur ríflega fjórðungur þeirra, sem hefja þar nám, ekki skilgreindu lokaprófi ef litið er á fyrrgreinda frétt Hagstofunnar (2011a). Því er ekki úr vegi að spyrja hvað hafi breyst? Er munur á því að komast ekki inn eða ná ekki að ljúka námi? Þetta er lykilspurning í skólakerfi þar sem slagorðið er „skóli fyrir alla“ (Menntamálaráðuneytið, 1998; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a).

Hér á eftir verður fjallað um merkingu hugtaksins *brottfall* og ýmislegt sem getur ýtt undir það. Dregin er upp mynd af ýmsum þeim valkostum sem í boði eru en framhaldsskólar eru staðsettir víðsvegar um landið og mjög mismunandi að stærð og gerð. Þá er fjallað um hvernig nemendur velja framhaldsskóla. Áður er gerð grein fyrir hvernig þeirra gagna var aflað sem stuðst er við í greininni sem lýkur með umræðu um helstu niðurstöður.

Hvað merkir hugtakið brottfall?

Hugtakið brottfall er notað á ólíka vegu eftir samhengi. Það er m.a. notað til að sýna fram á skilvirkni skólakerfa, s.s. hjá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD). Í skýrslu stofnunarinnar frá 2010 má sjá að árin 1995–2007 hurfu að jafnaði 19% nemenda frá námi, í framhaldsskóla, án lokaprófa, í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Hlutfallið var 21% í aðildarlöndum OECD sem var sama meðaltal og hér á landi (OECD, 2010a, 2010b). Í skýrslu Rannsókna og greiningar má lesa að brottfall á Íslandi í árganginum sem fæddist árið 1989 sé 31%. Sú niðurstaða fæst þannig að talið er hversu margir voru enn í framhaldsskóla á áttundu önn (lok fjórða árs) eftir að sá árgangur lauk 10. bekk. Ekki er gerð grein fyrir því hvort skoðað hafi verið hversu margir væru þá þegar útskrifaðir (Jón Sigfússon og Álfgeir Logi Kristjánsson, 2010). Þá er til norræn skýrsla en þar er talað um 25–30% brottfall (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2010). Ekki er ljóst í hverju þessi talnamunur liggur en það kann að vera að einhverju leyti vegna þess að ekki er alltaf verið að vinna með sömu árganga.

Rétt er að nefna að brottfall í ofangreindum skilningi er svo annað en *brottfall á önn* sem íslenskir framhaldsskólar miða við í skýrslum sínum. Þá er um þrenns konar fyrirbæri að ræða; nemendur sem hætta í áföngum/námsgreinum innan annar, nemendur sem hverfa alveg frá námi innan skólaársins, og loks nemendur sem skila sér ekki til lokaprófs. Þegar reynt er að meta brottfall á önn í íslenskum framhaldsskólum eru lægstu tölur frá einstökum skólum um 4% en hæstu um 10% (Ólafur Sigurðsson, munnleg heimild, 30. mars 2011).

Eitt af því sem einkennir brottfallsrannsóknir er að þær fjalla helst um þá sem hætta. Vel mætti hugsa sér að skoða hópa sem svipar til þeirra sem hætta, félagslega, námslega o.s.frv. en halda síðan áfram námi. Þar gætu legið lausnir sem vert væri að skoða. Mat höfundar er að það sé kominn tími til að annars vegar festa merkingu hugtaksins brottfall betur í sessi og hins vegar leita orsaka brottfalls í skólakerfinu með heildstæðum hætti.

Hvað getur ýtt undir brottfall?

Atli Harðarson skólameistari birti grein í Morgunblaðinu 29. mars 2011 þar sem hann fullyrðir að tvennt ýti undir brottfall úr framhaldsskóla. Annað sé, sögulega séð, mannekla á vinnumarkaði en hitt að viðhorf til menntunar hafi ekki alltaf verið hvetjandi. Hann bendir á að margir sæki nám hér á landi, raunar fleiri (miðað við höfðatölu) en almennt meðal OECD-ríkja. Til að útskrifast úr framhaldsskóla hér á landi þurfi að standast tilteknar kröfur um lágmarkseinkunn og samsetningu náms. Þetta tíðkast ekki alls staðar, segir Atli, til séu lönd sem útskrifa nemanda úr framhaldsskóla eftir tiltekinn tíma án tillits til námsárangurs (Atli Harðarson, 2011).

Þegar OECD fjallar um brottfall/brotthvarf (e. *drop out* eða *dropout*), en þessi orð eru notuð til jafns um fyrirbærið, er alla jafna horft til þeirra sem ekki hafa lokið fyrstu prófgráðu á hverju þrepi sem skilgreint er (OECD, 2010a). Hér á landi er algengasta fyrsta prófgráða stúdentspróf, sem er samkvæmt hefð fjögurra ára nám. Brautir til sveinsprófs eru það einnig.

Margt getur ýtt undir brottfall. Persónulegar aðstæður, sjúkdómar, fíknivandamál, það að nám höfðar ekki til nemandans og fleira. Svo má spyrja hvort brottfall sé af sama toga þegar nemandi t.d. hverfur frá námi á miðri önn og skilar sér ekki aftur og þegar nemandi lýkur önn og hverfur frá námi að því búnu án þess að ljúka formlegu lokaprófi? Eða hvort til sé *eðlilegt brottfall*? Nú væri hægt að tíunda fjölda tillagna að styttri eða lengri námsbrautum sem margar féllu í grýttan jarðveg. Allt frá áttunda áratug síðustu aldar hefur umræðan þó verið á sama veg – það vantar valkosti (Menntamálaráðuneytið, 1991, 2006; Menntamálaráðuneytið og Sigríður Anna Þórðardóttir, 1993, 1994; Starfsnámsnefnd, 2006). Þessi umræða hefur þó að mestu farið fram án aðkomu þeirra sem velja eiga, þ.e. nemendanna.

Að mörgu leyti mætti ætla að kreppan sem hófst haustið 2008 hefði einhver áhrif á brottfall. Vel mætti ætla að mikið atvinnuleysi yrði jafnvel til þess að fólk héldi sér frekar í skóla en ella. Þegar litið er á innritunargögn virðist þó eins og enn sé sama mynstur til staðar og verið hefur mörg undanfarin ár (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011c).

Þáttur grunnskólaeinkunna hefur verið mest til umræðu enda má segja að rökræður um aðgang nemenda að vinsælustu skólunum (Verzlunarskólanum, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Menntaskólanum í Reykjavík og Kvennaskólanum í Reykjavík) hafi stýrt og litað umræðuna verulega. Þeir taka einir og sér um 30% nýnema án tillits til búsetu. Þessir skólar virðast hafa miðað við að nemandinn hafi náð átta í meðaltali grunnskólaeinkunna eða hærri einkunn til að hann/hún fái inngöngu (Ingi Ólafsson, munnleg heimild 15. ágúst 2011; Már Vilhjálmsson, munnleg heimild 15. ágúst 2011; Sigurborg Matthíasdóttir,

munleg heimild 15. ágúst 2011; Þórir Ólafsson, munleg heimild 15. ágúst 2011). Það útilokar þá sem standa lakar í námi og búa vestarlega í Reykjavík, frá því að komast í skóla nærri heimili sínu. Þegar litið er á mynstur umsókna í gögnunum, úrvinnslu einstakra skóla og upplýsingar sem frá skólunum fást má segja, ef litið er á Reykjavík sérstaklega, að nemendur vestan við Kringlumýrarbraut, jafnvel vestan Elliðaáa, sem fá ekki háar einkunnir í grunnskóla og/eða eiga við námserfiðleika að stríða, eigi í raun eingöngu kost á námi í Tækniskólanum og Fjölbrautaskólanum við Ármúla eða skólum austan Elliðaáa, án þess að lasta þá á nokkurn hátt (Ingi Ólafsson, munleg heimild 15. ágúst 2011; Krístrún Birgisdóttir, munleg heimild 1. september 2011; Már Vilhjálmsson, munleg heimild 15. ágúst 2011; Sigurborg Matthíasdóttir, munleg heimild 15. ágúst 2011; Þórir Ólafsson, munleg heimild 15. ágúst 2011).

Ljóst má vera hluti nýnema sé með bundnar hendur og verði að velja sérstaka þjónustu, velja þann skóla sem er næstur heimili þeirra eða velja þann skóla sem býður tiltekið nám. Raunverulegt val er, með öðrum orðum, einvörðungu á færri þeirra sem eru með mjög háar grunnskólaeinkunnir og búa við það að geta farið hvert á land sem er.

Fleira þarf að skoða. Ef flett er í viðmiðunarstundaskrá í Aðalnámskrá grunnskóla þá er auðvelt að reikna út að hreint bóknám (og íþróttir) eru um 75% af því sem þar fer fram. Þá er átt við íslensku, erlend tungumál, náttúrugreinar, stærðfræði og samfélagsgreinar auk íþróttar. Val er um 10% en list og verknám um 15% (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b). Eitthvað sem kalla mætti raunverulegt verknám (handavinna yngri barna og teikning telst það varla) er afar takmarkað. Það má spyrja sig þeirrar spurningar hvort það að sitja í tíu ár í bóknámi liti sýn grunnskólanemans?

Loks má nefna að OECD og fleiri slíkar stofnanir benda á að nám bæti lífskjör og lýðræði á margan hátt (OECD, 2010a). Af því má ráða að það hljóti að vera kappsmál að mennta ung t fólk ef það bætir afkomu þess og lífskjör, svo ekki sé nú talað um lýðræðið.

Af þessum sökum má álykta að brottfall sé að hluta til bókhaldsatriði en jafnframt að það séu þættir í samfélagsgerð okkar, auk viðurkenndra þátta í inntökureglum sumra skóla, sem ýti undir það að stór hópur hverfur frá námi. Að auki er íhugunaratriði hvort sá grunnur sem lagður er í grunnskóla ýti undir einhæfni í námsvali og þar með í námsframboði framhaldsskólanna.

Um gögnin sem aflað var

Áður en lengra er haldið er rétt að gera grein fyrir þeim gögnum sem aflað var í tengslum við spurningarnar um það hvernig nemendur velja framhaldsskóla. Öll tölfræði um framhaldsskólakerfið er unnin upp úr vefsíðu Hagstofunnar nema annars sé getið. Framhaldsskólagögnin eru að mörgu leyti mjög aðgengileg og þar er að finna marga flokka upplýsinga. Þau eru þó sett fram með mismunandi hætti og ná yfir mislöng tímabil. Þannig er til skrá um útskrifaða stúdenta frá árinu 1847 til dagsins í dag, en fram til ársins 1945 hlaupa tölurnar á fimm ára tímabilum. Aðrar skrár um brautskráningar ná ekki svo langt aftur. Mikið er til af gögnum hjá Hagstofunni og skólunum sjálfum. Með því að tengja þau saman og vinna úr þeim tölfræðilega má með útsjónarsemi koma auga á gríðarlega miklar upplýsingar um íslenskt skólakerfi og kannski spyrja nýrra spurninga í leiðinni.

Öll gögn um innritun vorið 2011 eru fengin frá hugbúnaðarfyrirtækinu SKÝRR, sem heldur utan um innritunargögn framhaldsskóla með rekstrarsamningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Ráðuneytið heimilaði notkun þess enda þess gætt að gögnin yrðu ekki persónugreinanleg. Úr skránni sem þar fékkst má lesa hvaðan nemendur koma, hvert þeir sækja, hvar þeir fá inni, á hvaða brautir o.s.frv. Kennitölum nemenda var skipt út fyrir raðtölur, til að gæta trúnaðar. Gögnin voru síðan flokkuð til að sjá tengingar milli þeirra

þátta sem máli skipti, s.s. búsetu og þess hvernig nemendur völdu skóla, hlutfalla milli landshluta o.s.frv.

Niðurstöður

Um skólana, stærð þeirra og staðsetningu

Eins og fyrr er nefnt eru þeir framhaldsskólar, sem hér er byggt á, 32 talsins. Fjölmennasti skólinn, árið 2010, var Fjölbautaskólinn við Ármúla (FÁ) með yfir 2.600 skráða nemendur en Menntaskólinn á Tröllaskaga (MTr) hósti fæsta eða 68 nemendur. Samanlagður fjöldi nemenda tólf fámennustu skólanna nær ekki FÁ að fjölda. Tíu þeirra eru landsbyggðarskólar.

Af 32 framhaldskólum eru 24 fjölbautaskólar. Helmingur skólanna er í Reykjavík og næsta nágrenni. Nær allir eru í eigu ríkisins en þeir sem eru það ekki starfa fyrir framlög frá ríkinu (*Frumvarp til fjárlaga nr. 1/2011*). Þrír fjórðu hlutar skóla sem eru með fleiri en 700 nemendur eru á Reykjavíkursvæðinu en þrír fjórðu hinna fámennari á landsbyggðinni. Í tveimur skólanna er verknám ríkjandi en í tuttugu og sex skólum er bóknám ríkjandi hluti þeirrar kennslu sem boðið er upp á. Kerfið, sem lög og námskrá byggja á, er áfangakerfi en nokkrir starfa sem bekkjarskólar þó að flestir þeirra noti áfangakerfið til að skilgreina námskrár sínar samkvæmt heimasíðum þeirra.²

Í framhaldsskólakerfinu öllu eru um 66% nemenda skráð í bóknám (Hagstofa Íslands, 2011b) og um 70% nýnema skráðu sig á bóknámsbrautir vorið 2011. Þannig hefur það verið lengi ef rýnt er í tölur Hagstofunnar. Engu að síður útskrifast álíka margir af verknaðs- og bóknámsbrautum. Eins og áður hefur komið fram höfðu 28% nemenda sem innritast höfðu í framhaldsskóla ekki útskrifast sjö árum eftir að þeir innrituðust.

Meðalstærð allra landsbyggðarskóla er um 470 nemendur. Hér munar mestu um stóra skóla á Selfossi, í Keflavík og á Akureyri. Í Reykjavík er meðalstærð skóla um 1.250 nemendur og alls um 18.000 nemendur stunda nám í þeim, en alls um 8.500 nemendur á landsbyggðinni.

Fimmtán skólar teljast höfuðborgarskólar en sautján landsbyggðarskólar. Námsframboð skólanna og stærð eru mjög mismunandi, sem veldur erfiðleikum í samanburði þeirra á milli. Stór þéttbýlisskóli, t.d. skóli í Reykjavík, getur boðið upp á fjölbreyttara nám, fjölpættari þjónustu og margbrotnara félagslíf en t.d. lítill sveitaskóli. Sveitaskólinn litli kann vissulega að hafa aðra kosti á móti.

Þá vekur athygli að dreifing skóla yfir landið er sérstök. Þannig eru þrír skólar á Suðurlandi, á Laugarvatni, á Selfossi og í Vestmannaeyjum. Milli þeirra er ekki langt að fara en þeir þjóna svæðinu frá Þorlákshöfn til Skeiðarársands. Lengra er milli Hafnar og Egilsstaða. Þá er skólabyrping nærri Eyjafirði eða fimm skólar frá Tröllaskaga að Laugum í Reykjadal. Alls eru sex skólar í Norðurlandsfjórðungi. Þá eru þrír skólar á Vesturlandi; nágrannaskólar á Akranesi og í Borgarnesi auk skóla í Grundarfirði, en aðeins einn á Vestfjörðum.

Af því sem hér er rakið má ráða að flestir íslenskir framhaldsskólar eru fjölbautaskólar og að í framhaldsskólum er bóknám ríkjandi. Þeir eru ólíkir að stærð og dreifast líklega frekar um landið út frá sögulegum forsendum en út frá einhvers konar þarfagreiningu. Þeir eru allir, a.m.k. á þeim tíma sem þessi rannsóknargögn ná yfir, ríkisreknir beint eða óbeint. Valkostir nemenda um nám í framhaldsskóla eru því fremur tengdir búsetu en fjölbreytni,

² Þetta á síst við Menntaskólann í Reykjavík, MR, en Kvennaskólinn, svo dæmi sé tekið, notar áfangaheiti í sinni námskrá.

þ.e. nemandi sem býr á höfuðborgarsvæðinu hefur mun fleiri valkosti um skóla en þeir sem búa á landsbyggðinni. Einnig er mismunandi hvaða valkosti nemendur hafa sem búa á landsbyggðinni. Nemandi á Suðurlandi eða Vesturlandi á t.d. fleiri kosta völinni í sínum landsfjórðungi en nemandi á Norðurlandi eystra eða Austurlandi.


Hvað virðist stýra vali nemenda og hvernig birtist það?

Ekki eru margar rannsóknir til um það hvernig og hvers vegna nemendur velja sér framhaldsskóla. Til eru einstakar kannanir úr skólum en þær eru ekki allar opinberar. Til er rannsókn frá Flensborgarskólanum sem var hluti af sjálfsmati skólans (Unnar Örn Þorsteinsson, 2004, 2005) sem og önnur sjálfstæð úr sama skóla (Magnús Þorkelsson, 2011b). Þá er rannsókn þar sem leitað var upplýsinga um hvaða áhrif skólakynningar hefðu á það hvernig nemendur í 10. bekk völdu sér framhaldsskóla (Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Þá hafa verið notaðar spurningar í könnunum Rannsókna og greiningar sem víkja að þessu efni (Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl., 2008; Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon og Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2009).

Niðurstöður Svanhildar Svavarsdóttur (2010) voru þær að skólakynningar hefðu mikil áhrif og meiri en margt annað. Í könnun Rannsókna og greiningar kemur fram að álíka margir piltar stefndu í verknám og bóknám ef heildin var tekin en hærra hlutfall höfuðborgarpilta stefndi á bóknám en hlutfall pilta utan borgarinnar. Mun hærra hlutfall stúlkna stefndi á bóknám en verknám (Margrét Lilja Guðmundsdóttir et al., 2009). Í skýrslunni *Ungt fólk 2007* eru birtar niðurstöður spurninga sem notaðar voru í rannsóknum 2000, 2004 og 2007. Spurt var hvað hefði ráðið vali framhaldsskólanemenda. Nálægð skóla og val félaganna hafði meira að segja utan höfuðborgarinnar en innan hennar. Konur láta væntingar til háskólanáms ráða meiru en karlar (Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl., 2008). Kannanir Flensborgarskólans gefa til kynna að val á skóla ráðist mest af nálægð við heimili (Magnús Þorkelsson, 2011b; Unnar Örn Þorsteinsson, 2004, 2005).

Hérlendis eru um 140 grunnskólar sem útskrifa um 4.000 nemendur inn í 32 framhaldsskóla sem skrá nemendur á 170 brautir og brautarafbrigði, skv. talnaskránni frá SKÝRR. Vorið 2011 fengu 86% nemenda skólavist í þeim skóla sem þeir settu sem fyrsta val. 12% fengu annað val og 2% komust hvergi að. Þeim seinustu var svo handraðað inn í skóla. Það er því ljóst að nemendur velja á mjög „raunhæfan“ hátt. Yfir 90% nýnema á Norðurlandi, Austurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum fengu fyrsta val en um 80% íbúa höfuðborgarsvæðisins. 60% nýnema koma frá Reykjavík og nágrenni. Í töflunni hér fyrir neðan má sjá val nemenda á skólum eftir landsvæðum.

Eins og fram hefur komið fengu 30% nemendanna skólavist á grundvelli einkunna (þ.e. í MR; Kvsk., MH og VÍ). Eins og þegar hefur verið nefnt þá taka flestir hinna framhaldsskólanna nemendur inn án tillits til einkunna og raða þeim í áfanga eða á brautir eftir námsstöðu eða námsgetu. Örfáir taka inn á öðrum forsendum, eins og þeim hversu margir komast að í einstökum greinum eða deildum, eða eftir einkunn. Nokkrir skólar hafna um þriðjungum umsækjenda og raða umsækjendahópnum eftir einkunnum úr grunnskóla. Að þessu hefur verið þegar vikið. Nemendur virðast meðvitaðir um þetta enda fá nærri níu af hverjum tíu skóla-vist í þeim skóla sem þeir setja sem fyrsta val. Af þessu má álykta að til staðar séu viðmið í kerfinu sem eru viðurkennd. Nemendur vita hvaða valkosti þeir hafa, miðað við „námsgetu“ og grunnskólaeinkunnir. Þegar nemendur setja tvo valkosti á umsókn sína og 86% fá fyrsta val, 12% annað val og einungis 2% fá hvergi, þá er ljóst að ramminn er frekar skýr í huga þeirra og líklega samfélagsins alls.



Mynd 1. Val nemenda á skólum vorið 2011 flokkað eftir landshlutum.³

Þegar val nemenda er kallað „raunhæft“ byggist það á þeirri forsendu að þeir virðast velja þannig að þeir fái örugglega skólavist. Hvort besta námsleiðin sé valin eða námsbrautin er svo allt annað mál og efni í sérstaka rannsókn.

Umræða

Tilgangur þessarar rannsóknar var að leita staðfestingar á úrlausnarefnum sem hafa verið til staðar harla lengi. Ef frá er talið tímabilið frá 1999 til 2008 hafa íslenskir framhaldsskólar fengið að þróast frekar sjálfstætt. Samt eru þeir afar keimlíkir. Framhaldsskólakerfið er ríkisrekið og bóknámsmiðað (*Frumvarp til fjárlaga* nr. 1/2011; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011a; Menntamálaráðuneytið, 2004; Starfsnámsnefnd, 2006). Sama gildir um grunnskólann sem byggir einnig á bóknámi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011b). Bein og óbein markaðssetning framhaldsnáms er afar bóknámsmiðuð sem má t.d. best sjá af ljósmyndum fjölmiðla af útskriftarnemendum og dúxum, spurningabættinum *Gettu betur* og jafnvel umfjöllun tímarita s.s. *Frjálsrar verslunar* (Bartoszek, 2011).

Hugtakið *brottfall* kann að þarfnast frekari túlkunar auk þess sem erfitt er að festa hendur á orsökum þess. Það er hins vegar menningarlegt og samfélagslegt vandamál, miklu frekar en bókhaldslegt vandamál. Þetta er fullyrt í ljósi þess að líf skjör, heilsa og líðan minna menntaðs fólks eru að jafnaði lakari en þeirra sem betur eru menntaðir (OECD, 2010b). Þegar bornar eru saman innritunartölur og tölur um brautskráða sést vel að brottfall er

³ Athuga ber að þegar notað er orðið höfuðborgarsvæði er átt við nágrennasveitarfélög Reykjavíkur en Reykjavík sjálf er talin alveg sér.

mikið (Hagstofa Íslands, 2011a). Allt þetta er bókfært ástand sem erfitt er að líta framhjá, en kannski ekki eins víst hver áhrif þess eru.

Valkostir um skóla utan Reykjavíkur eru oftast bundnir því sem í boði er í næsta nágrenni. Þeir skólar eru langflestir mjög litlir og því námsframboð annað hvort takmarkað eða dýrt. Dreifing skólanna um landið er landfræðilega tilviljanakennd og líklega ekki byggð á stefnu eða markvissri greiningu á þörfum. Til viðbótar virðist námsframboð afar keimlíkt milli skóla. Af þeim 170 námsbrautaafbrigðum sem innritað var á vorið 2011 eru t.d. langflest einhverskonar útgáfur stúdentsbrauta.

Er rétt að leggja að jöfnu brotthvarf þess sem hættir t.d. á fyrstu önn og þess sem hefur setið margar annir? Eða leggja brottfall þeirra sem hætta á miðri önn til jafns við þá sem ljúka önn en snúa ekki aftur til náms? Og loks hvort ekki sé rétt að ímynda sér að skólagangan hafi haft eitthvert menntunarlegt eða samfélagslegt gildi án tillits til brautskráningar? Benda má á að í nýjum lögum um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að nemandi leggi stund á nám til framhaldsskólaprófs (*Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008*). Samkvæmt því útskrifast nemandinn eftir allt að tveggja ára skólavist án tillits til námsárangurs. Ráðstöfun af þessu tagi hefur mikil áhrif til lækkunar á tölum um brottfall.

Að lokum ber að nefna að nemendur, sem ekki eru með háar einkunnir úr grunnskóla eða búa við allskonar námshamlanir, búa við önnur námsskilyrði en þeir sem betur standa. Þeir virðast eiga í raun helst kost á þeim skóla sem er næstur heimili þeirra. Hér eru reyndar undanskildir nemendur sem búa í Reykjavík, vestan við Kringluna, jafnvel vestan Elliðaáa. Staða fatlaðra hefur batnað en þeim standa til boða 23 deildir (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, án árs). Val þessara nemenda er bundið við það sem hentar best foreldrum þeirra og stofnunum. Almenn námsbraut er í 24 skólum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, án árs). Aðrir skólar eru lokaðir þeim sem þurfa á almennri námsbraut að halda.

Aðaltíefni þessarar rannsóknar var að kanna valkosti nemenda um nám í framhaldsskóla og hvernig nemendur í tíunda bekk nýta sér þá. Vísbendingar eru um að valkostirnir séu færri og einhæfari en ætla mætti af opinberum gögnum. Skólarnir eru ríkisreknir og fara eftir sömu námskrá. Flestir skólarnir virðast bjóða fram námsbrautir sem á pappírnum eru keimlíkar bóknámsbrautir með áþekkri uppbyggingu. Hér er ekki lagt mat á inntak einstakra námsáfangna.

Það er auðvelt að komast inn í kerfið, nánast allir nemendur úr 10. bekk komast inn, án tillits til einkunna en á sama tíma hverfa margir frá námi. Óljóst er hvaða áhrif framhaldsskólaprófið mun hafa hér. Það gæti dregið úr brottfalli, sem þýðir að nemendur eru lengur í námi. Það gæti valdið því að eldri nemendur eigi erfiðara með endurkomu, þar sem þeir njóta ekki forgangs.

Stærsti hluti nýrra nemenda velur skóla sem er nærri heimilum þeirra, eða í þeirra landsfjórðungi. Þeir virðast því fremur láta val á framhaldsskóla ráðast af búsetu en námsframboði. Um þriðjungur innritunarhópsins sækir í fjóra skóla, sem beita einkunnum til að flokka umsækjendur og eru því algjörlega lokaðir stórum hópi nýnema. Sá hópur reynir í raun ekki að sækja um þessa skóla. Þetta segir að hér ríkir ástand sem er viðurkennt, meðal skólanna, meðal nemenda og í samfélaginu. Viðurkennt, en þar með er ekki sagt að um það sé einhugur eða samstaða. Niðurstaða höfundar er að þeir nemendur sem eigi raunverulegra kosta vól séu helst nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem ljúka grunnskóla með hárrí einkunn.

Heimildir

- Atli Harðarson. (2011, 29. mars). Umræðan um brottfallið úr framhaldsskólum. *Morgunblaðið*, bls. 1. Sótt í mars 2011 af <http://pappir.mbl.is/index.php?alias=IS-MBL&s=3170&p=72017>
- Álfgeir Logi Kristjánsson, Jón Sigfússon, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Hrefna Pálsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Menntamálaráðuneytið. (2008). *Ungt fólk 2007 – Framhaldsskólanemar: Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi. Samanburður rannsókna frá 2000, 2004 og 2007*. Reykjavík: Rannsóknir og greining, Menntamálaráðuneytið.
- Bartoszek, P. (2011). Úttekt Frjálsrar verslunar: Hvaða framhaldsskólar skara fram úr? *Frjáls verslun* (3), 34–47.
- Dorn, S. (1996). *Creating the dropout: an institutional and social history of school failure*. Westport, Connecticut: Praeger.
- Frumvarp til fjárlaga* nr. 1/2011.
- Frumvarp til laga um menntaskóla* nr. 15/1969. Sótt í september 2011 af <http://www.althingi.is/altext/90/s/pdf/0015.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2011a, 3. maí). *Brautskráningarhlutfall og brottfall af framhaldsskólastigi*. Sótt í maí 2011 af <http://hagstofan.is/Pages/95?NewsID=5981> <http://hagstofan.is/Pages/95?NewsID=5981>
- Hagstofa Íslands. (2011b, 21. janúar). *Skólasókn í framhaldsskólum og háskólum haustið 2010*. Sótt í september 2011 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=5641>
- Jóhann S. Hannesson. (1971). *Sameinaður framhaldsskóli: Tillögur og greinargerð fræðsluráðs Reykjavíkur um stofnun tilraunaskóla á gagnfræða- og menntaskólastigi*. Reykjavík: Fræðsluskrifstofa Reykjavíkur.
- Jón Sigfússon, og Álfgeir Logi Kristjánsson. (2010). Ungt fólk utan framhaldsskóla – ný rannsókn. *Skólavardan*, 10(2), 5–6.
- Jón Torfi Jónasson, og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Námsferill, námslok og búseta: Rannsókn á námsferli '75 árgangsins*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristjana Stella Blöndal, og Jón Torfi Jónasson. (2010). Frafall i skolen og tiltak mot frafall på Island: ulike perspektiver. Í E. Markussen (ritstjóri), *Frafall i utdanning for 16–20 åringer i Norden* (bls. 91–121). Kaupmannahöfn: Nordisk ministerråd.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 57/1988.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 80/1996.
- Lög um framhaldsskóla* nr. 92/2008.
- Magnús Þorkelsson. (2011b). „Skólinn, pældum ekkert í námsframboðinu!“ *Hvers þarf að gæta þegar íslensk ungmenni eru spurð út frá hverju þau velja sér framhaldsskóla?* Starfendarannsókn, Háskóli Íslands.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon, og Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2009). *Ungt fólk 2009 – 8., 9. og*

10. bekkur: Menntun, menning, tómsundur, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna á Íslandi. Reykjavík: Rannsóknir og greining.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011a). *Aðalnámskrá framhaldsskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011b). *Aðalnámskrá grunnskóla*. Reykjavík: Höfundur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011c). *Innritun í framhaldsskóla 2010*. Sótt í apríl 2011 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/malaflokkar/menntamal/grunnskolar/innritun/>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (Án ártals). *Framhaldsskólar: Nám að loknum grunnskóla*. Sótt í september 2011 af <http://menntagatt.is>

Menntamálaráðuneytið. (1989). *Námskrá handa framhaldsskólum*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1991). *Til nýrrar aldar: Framkvæmdaáætlun menntamál 2000*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1998). *Enn betri skóli: Þeirra réttur - okkar skylda*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (1999). *Almennur hluti, aðalnámskrá framhaldsskóla 1999*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (2004). *Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2004*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið. (2006). *Tíu skrefin. 10 skref til sóknar í skólamálu á Íslandi*. Sótt í desember 2006 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/tiuskref>

Menntamálaráðuneytið, og Sigríður Anna Þórðardóttir. (1993). *Nefnd um mótun menntastefnu, áfangaskýrsla*. Reykjavík: Höfundur.

Menntamálaráðuneytið, og Sigríður Anna Þórðardóttir. (1994). *Nefnd um mótun menntastefnu, skýrsla*. Reykjavík: Höfundur.

OECD. (2010a). *Education at a glance 2010: OECD indicators*. Paris: Organisation for Economic Co-operation Development, OECD.

OECD. (2010b). *Highlights from education at a glance 2010*. Paris: Organisation for Economic Co-operation Development, OECD.

Sameinuðu Þjóðirnar. (1998). *Education for all: Status and trends 1998*. Paris: Unesco.

Starfsnámsnefnd. (2006). *Nýr framhaldsskóli: Skýrsla starfsnámsnefndar*. Reykjavík. Útgefanda ekki getið.

Svanhildur Svavarsdóttir. (2010). *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólunámi? Skólaheimsóknir og önnur upplýsingaöflun 10. bekkinga um framhaldsskóla og námsbrautir*. Reykjavík. Sótt í september 2011 af <http://skemman.is/item/view/1946/4774>

Unnar Örn Þorsteinsson. (2004). *Sjálfsmat skólaárið 2003–2004*. Hafnarfjörður: Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.

Unnar Örn Þorsteinsson. (2005). *Sjálfsmat skólaárið 2004–2005*. Hafnarfjörður: Flensborgarskólinn í Hafnarfirði.



Magnús Þorkelsson. (2011).
Hverjir eru valkostir nýnema í framhaldsskólum?
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/006.pdf>